

Alþingi  
Erindi nr. P 122/1057  
komudagur 9. 3. 98

## SÝSLUMANNAFÉLAG ÍSLANDS

Heiðarvegi 15,  
900 Vestmannaeyjum.

Vestmannaeyjum 3. mars 1998.


Nefnasvið Alþingis,  
Þórshamri v/Templarasund,  
150 Reykjavík.

Allsherjarnefnd sendi Sýslumannafélagi Íslands þann 20. febrúar 1998, til umsagnar frumvarp til lögreglulaga, 442. mál, samstarf lögregluliða, valnefnd Lögregluskólans ofl.

Stjórn Sýslumannafélags Íslands gerir athugasemdir við 1. og 4. gr. frumvarpsins.

Athugasemdirnar fylgja hjálagt.

F.h. stjórnar Sýslumannafélags Íslands,

  
Georg Kr. Lárusson,  
formaður.

  
Ólafur K. Ólafsson,  
varaformaður.

## Umsögn

Umsögn stjórnar Sýslumannafélags Íslands um frumvarp til laga um breyting á lögreglugögum, nr. 90 13. júní 1996, sbr. lög nr. 83 27. maí 1997 (samstarf lögregluliða, valnefnd Lögregluskólans o.fl.) lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.

### I.

Í 1. grein frumvarpsins er gert ráð fyrir því að eftirfarandi málslið verði skotið inn í A-lið 4. mgr. 7. greinar lögreglugaga:

Dómsmálaráðherra getur samkvæmt tillögu ríkislögreglustjóra kveðið á um skipulagt samstarf lögregluliða við framkvæmd og stjórnun ákveðinna löggæsluverkefna og miðlun mannafla milli lögregluliða á tilteknu svæði til að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu.

Um þennan málslið segir m.a. í athugasemdum frumvarpsins að lagt sé til að dómsmálaráðherra verði heimilað, að fengnum tillögum ríkislögreglustjóra, að kveða á um samstarf lögregluliða um lengri tíma í tilteknum landshluta eða héraði.

Þegar frumvarp til lögreglugaga var til umfjöllunar á Alþingi á 120. löggjafarþingi var í upphaflegri gerð 8. greinar frumvarpsins gert ráð fyrir sérstökum rannsóknardeildum við nokkur embætti lögreglustjóra. Rannsóknardeildirnar áttu að þjóna öðrum lögreglustjóraembættum á sama svæði, oftast kjördæmi. Ákvæðið var gagnrýnt bæði af lögreglustjórum og lögreglumönnum aðalega á þeim forsendum að það hefði mikinn kostnað í för með sér fyrir löggæsluna og að óheppilegt væri að sami lögreglumaður lyti mismunandi yfirstjórn. Allsherjarnefnd felldi þessa gerð 8. greinar frumvarpsins úr því.

Með þeirri breytingu sem nú er lögð til á 7. grein lögreglugaga er að nokkru leiti opnuð leið að sama marki og að var stefnt með upphaflegri gerð 8. greinar frumvarps til lögreglugaga. Að því leiti ber að vara við fyrirhugaðri breytingu á 7. grein lögreglugaga.

Að öðru leiti ber að efla samstarf lögregluliða sem lýtur að samnýtingu tækjabúnaðar, samræmingu löggæslustarfa, t.d. á sviði fikniefna- og umferðarlöggæslu eða leitar- og björgunarstörfum, eða þjálfun lögreglumanna. Og að fengnu ákveðnu skipulagi um miðlun mannafla milli lögregluumdæma á að liggja ljóst fyrir hver fer með yfirstjórn mannaflans ber kostnað af störfum hans.

### II.

Í 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir svohljóðandi breytingu á 2. mgr. 28. gr. lagana, sbr. 31. gr. laga nr. 83 27. maí 1997:

2. Dómsmálaráðherra skipar yfirlögregluþjóna og aðstoðaryfirlögregluþjóna til fimm ára í senn. Ríkislögreglustjóri skipar aðra lögreglumenn til fimm ára í senn.

Hver sá sem skipaður er til lögreglustarfa skal hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins. Ráðherra setur í reglugerð nánar fyrir mæli um starfstig innan lögreglunnar.

Samkvæmt nágildandi lögum skipar dómsmálaráðherra lögreglumenn án tillits til þess hvaða starfsstigum þeir gegna. Ætlunin er með frumvarpi þessu að fela ríkislögreglustjóra að skipa lögreglumenn aðra en yfirlögregluþjóna og aðstoðaryfirlögregluþjóna.

Samkvæmt 6. gr. lögreglulaga fara lögreglustjórar með stjórn lögregluliðs ásamt því sem þeir bera ábyrgð á framkvæmd lögreglustarfa hver innan síns umdæmis. Samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, bera lögreglustjórar ábyrgð á starfsemi sinnar stofnunar stjórnunarlega, faglega og fjárhagslega. Undir þessa skilgreiningu falla agamál hverskonar. Samkvæmt 21. gr. starfsmannalaga eru úrræði lögreglustjóra hvað varðar agavald gagnvart lögreglumönnum ekki önnur en að veita þeim áminningu en skilyrði til áminningar eru afar ströng. En þó bera lögreglustjórar engu að síður fullaábyrgð á öllum gjörðum lögreglumanna.

Með vísan til ofanritaðs og þá sérstaklega þeirrar ábyrgðar sem hvílir á lögreglustjórum hvað varðar fjármál, stjórnun og agamál innan hvers lögregluliðs er það skoðun Sýslumannafélags Íslands að skipun og lausn lögreglumann, hvert svo sem starfsstig þeirra er skuli vera í höndum hvers og eins lögreglustjóra.

Í eldri lögum um lögreglumenn nr. 56/1972, nánar tiltekið 2. mgr. 3. gr. i.f., sagði: "Ráðherra getur og sett reglur um starfstig innan lögregluliðs". Þessar regluur voru aldrei settar.

Á árinu 1996 skipaði dómsmálaráðherra nefnd sem var ætlað að vinna að gerð tillagna varðandi starfsheita og launaflokkaröðun lögreglumanna. Í nefndinni áttu sæti þrjú fulltrúar skipaðir af dómsmálaráðherra og þrjú fulltrúar tilnefndir af Landsambandi lögreglumanna. Ekki náðist samstaða í nefndinni en hún skilaði álitinu sínu til dómsmálaráðherra í desember 1996. Fulltrúar dómsmálaráðherra vildu ganga lengra til einföldunar og fækkunar starfsheita innan lögreglunnar en fulltrúar Landsambands lögreglumanna gátu sætt sig við. Samkvæmt núverandi kerfi eru starfsheiti innan lögreglunnar 12 að frátöldum lögreglustjórum.

Stjórn Sýslumannafélags Íslands fagnar því að nú skuli kveðið skýrar á um setningu reglugerðar sem ætlað er taka á þessum málum.